

MINNISBLAÐ

Forsætisráðuneytið				
Málsnr.	FOR	0812 0043	Ábm.	PP
Db.		3501	Aðrir	
Mótt.		23.12.08	Svarfr.	
Aths.			LVM	

Frá embætti ríkislögmanns
til forsætisráðuneytisins.

I.

Forsætisráðuneytið hefur óskað eftir ráðgjöf ríkislögmanns við mat á því hvort höfða skuli dómssmál í Englandi í þeim tilgangi að láta reyna á lögmæti kyrrsetningar breskra stjórnvalda, svokallað „LANDSBANKI FREEZING ORDER 2008“, sem lögð var á allar eignir Landsbankans í Bretlandi að frumkvæði breskra yfirvalda og beindist samhliða að eignum íslenska ríkisins og nánar tilgreindum stofnunum þess. Kyrrsetning þessi fór fram þann 8. október 2008 á grundvelli þarlandra hryðjuverkalaga. Til þess að hægt sé að hnekkja kyrrsetningunni er nauðsynlegt að höfða dómssmál fyrir breskum dómstóli innan þriggja mánaða frá kyrrsetningunni, þ.e. í síðasta lagi 7. janúar 2009 samkvæmt breskum lagareglum.

Íslensk stjórnvöld telja kyrrsetninguna ólögmæta og hafa leitað allra leiða til hnekkja henni. Við þessa vinnu hefur með öðru verið leitað aðstoðar breskra lögmanna og hafa þeir verið beðnir um að leggja mat á hvort hægt sé að hnekkja kyrrsetningunni fyrir breskum dómstólum á grundvelli sjónarmiða um ólögmæti. Jafnframt hafa þeir verið beðnir um að leggja mat á hvort hægt verði að höfða skaðabótamál fyrir breskum dómstólum fyrir hönd íslenska ríkisins vegna sömu kyrrsetningar.

II.

Kyrrsetning breskra yfirvalda fór fram á grundvelli breskra lagaheimilda og að öðru leyti í skjóli bresks lagaumhverfis. Við mat á lögmæti kyrrsetningarinnar verða íslensk stjórnvöld því að reiða sig á lögfræðilega ráðgjöf sérfræðinga sem kunna skil á breskum rétti og þeim réttarfarslegu möguleikum sem íslenskum stjórnvöldum standa til boða við mat á þeirri aðstöðu sem uppi er.

Á fundi sem fram fór fyrr í dag með fjórum ráðherrum, fulltrúum íslenskra stjórnvalda sem unnið hafa að máli þessu, breskum lögmönnum og fulltrúum stjórnarandstöðunnar var lagt fram minnisblað frá bresku lögmönnum um hugsanleg málaferli gegn bresku ríkisstjórninni vegna kyrrsetningarinnar. Í stuttu máli komust lögmennirnir að þeirri niðurstöðu að litlar sem engar líkur væru á því að íslensk stjórnvöld gætu hnekkj kyrrsetningunni frá 8. október 2008 fyrir atbeina breskra dómstóla. Rökstuddu þeir þetta ítarlega með tilliti til breskra lagasjónarmiða og dómafordæma. Ennfremur voru þeir þeirrar skoðunar að engar líkur væru fyrir íslenska ríkið að vinna skaðabótamál fyrir breskum dómstóli vegna sömu kyrrsetningar.

Aðspurðir um hugsanlega möguleika skilanevndar Landsbankans til að höfða dómssmál á Bretlandseyjum töldu þeir að sömu sjónarmið ættu þar við í öllum aðalatriðum og ekki var að heyra að lögmennirnir hvettu sjálfstætt til málaferla fyrir hönd bankans.

Aðstaða Kaupþingsbanka kom til tals vegna sama atburðar. Fram kom að aðstaða hans væri talin allt önnur og betri, með tilliti til hugsanlegrar málshöfðunar, þar sem

bankastarfsemi hans á Bretlandseyjum hefði verið í sjálfstæðu dótturfélagi, gömlu og grónu bresku félagi sem Kaupþing hefði átt. Talið var að mun auðveldara yrði fyrir Kaupþing að láta reyna á lögmæti þeirra aðgerða sem beint var að breska bankanum og að bankinn ætti raunverulega möguleika á að ná árangri fyrir breskum dómstólum, bæði vegna ólögmætra aðgerða yfirvalda og til greiðslu skaðabóta í fyllingu tímans.

Fjallað var um aðrar leiðir til þess freista þess að ná fram áfellingdómi vegna aðgerða breskra yfirvalda gagnvart íslenskum hagsmunum. Talið var að hugsanlega gæti íslenska ríkið höfðað mál gegn breska ríkinu fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Bresku lögmennirnir töldu að það væri í sjálfu sér hægt án þess að tæmdar yrðu fyrst dómstólaleiðir fyrir breskum dómstólum sem þó er meginreglan. Þeir höfðu þó fyrirvara á þessu og munu endanlega láta í té skoðun þeirra á þessu á fundi á morgun með íslensku ráðgjöfunum. Jafnframt undirstrikuðu þeir að þessi leið yrði torsótt, tæki langan tíma og að skaðabætur, ef til kæmi, yrðu í besta falli mjög lágar.

Enn önnur leið var rædd. Hún er sú að þrýsta alvarlega á bresk stjórnvöld með bréfaskrifum þar sem þess yrði krafist að kyrrsetningu yrði þegar í stað aflétt. Bresku lögmennirnir töldu að ef bresk stjórnvöld neituðu íslenskum stjórnvöldum um afléttingu kyrrsetningar gæti skapast nýr grundvöllur til frekari aðgerða gegn breska ríkinu þótt hann yrði nokkuð annar en sá sem nú er til umræðu.

III.

Ríkislögmaður telur nauðsynlegt að vekja athygli á, í ljósi aðstöðu íslenska ríkisins eins og henni er lýst hér að framan, að samningaviðræður hafa verið í gangi milli íslenskra og breskra yfirvalda um uppgjör vegna svokallaðra Icesave-reikninga í Bretlandi sem voru á forræði Landsbankans. Samningaviðræður munu vera á viðkvæmu stigi og miklu skiptir fjárhagslega fyrir íslenska ríkið hver niðurstaða viðræðnanna verður. Aðilar innan íslenska ráðgjafahópsins hafa áhyggjur af því að málaferli fyrir breskum dómstólum geti skaðað íslenska hagsmuni vegna samninga um uppgjör þessara reikninga. Ríkislögmaður telur að hafa verði þetta atriði í huga við endanlega ákvörðun um hvað sé skynsamlegast að gera í þeirri stöðu sem íslensk stjórnvöld standa nú frammi fyrir.

IV.

Forsætisráðuneytið hefur óskað eftir áliti ríkislögmans á því hvað íslensk stjórnvöld eigi að gera við þær aðstæður sem lýst hefur verið hér að framan.

Ríkislögmaður telur að sýnt hafi verið fram á með fullnægjandi rökum að dómstólaleiðir fyrir breskum dómstólum þjóni ekki hagsmunum íslenska ríkisins. Litlar sem engar líkur séu til þess að íslenska ríkið nái þeim markmiðum sem upphaflega var að stefnt. Sömu sjónarmið eiga við um skilanefnd Landsbankans, sbr. ráðgjöf bresku lögmanna. Í ljósi þessa er óþarfi, ef ekki óskynsamlegt, að stefna samningaviðræðum um Icesave-reikninganna í hættu vegna málaferla sem fyrirfram eru talin vonlítill. Ríkislögmaður fær ekki séð að önnur pólitísk sjónarmið vegi þyngra við ákvörðun málshöfðunar en ofangreind sjónarmið. Að öðru leyti treystir ríkislögmaður sér ekki til að leggja mat á hin pólitísku sjónarmið.

Ríkislögmaður leggur til að fylgt verði eftir því áliti ráðgjafa íslenskra stjórnvalda að aðför breskra yfirvalda að dótturfélagi Kaupþings í Englandi hafi verið ólögmæt og á það látið reyna fyrir breskum dómstólum á þann hátt sem skynsamlegast verður talið.

Eins og áður hefur verið nefnt er talið að mun meiri möguleikar séu til að hnekkja aðgerðum breskra yfirvalda á forsendum aðfarar gegn Kaupþingi á Bretlandseyjum. Að þessu leyti er aðstaða Kaupþings allt önnur en Landsbankans. Með því að fylgja eftir ólögmetis- og skaðabótakröfum Kaupþings verður íslenskum lagasjónarmiðum komið rækilega á framfæri við breska dómstóla.

Sjálfsgagt er að kanna áfram hvort raunhæft sé að stefna breska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Sú hugmynd er ný af nálinni og þarf að rannsaka betur og ekki síst með tilliti til aðildar íslenska ríkisins og hvort hægt sé að víkja sér undan tæmandi dómsniðurstöðum breskra dómstóla áður en mál er höfðað fyrir dómstólnum.

Sjálfsgagt er að þrýsta áfram bréflega á bresk stjórnvöld með það fyrir augum að fá skýr svör um fyrirliggjandi kyrrsetningu. Í ljósi ráðgjafar bresku lögmannanna væri síðar hægt að láta reyna á lögmati breskra yfirvalda þar að lútandi.

Reykjavík 22. desember 2008.



Skarphéðinn Þórisson hrl.